

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

Njóttu þess að vera í námi


Náman léttir námsmönnum lífið með hagstæðari kjörum, námslánaþjónustu, fjölbreyttum sparnaðarleiðum, fríðindum, tilboðum og sveigjanlegri þjónustu. Kynntu þér kosti Námunnar á www.naman.is og á Facebook.

L.is og snjallgreiðslur

Enginn auðkennislykill

2 fyrir 1 í bíó

Aukakrónur



Darri Rafn Hólmarsson
Námufélagi



Unnur er bæði eiginkona og dóttir Gunnars



UNNUR ELÍSABET

Fyrstu sex: 121084
Besti dansarinn: Allir í Íslenska dansflokknum og Gunnar Hansson, maðurinn minn, á árs hátíð Borgarleikhússins.
Besta danslagið: Ég tryllist oftast þegar ég hlusta á Beyoncé.
Besti karakterinn í Sigtinu: Klárlega Frímagn Gunnarsson.

MONITOR

MÆLIR MED...

FYRIR FERDALANGA

Heimsreisa.is er ný vefsíða sem er gerð fyrir þá sem eru á leið til fjarlægri landa. Þar er hægt að nálgast nýtsamlegar upplýsingar um bólusetningar, VISA-umsóknir, pökkunarlista og jafnvel ódyrt flug. Síðan er nýkomin í loftið og hefur þegar fengið góðar undirtektir. Aðstandendur síðurnar eru ungt par sem nýlega komu heim úr heimsreiðu. Þeim fannst vanta síðu með allar helstu upplýsingar á sama stað og kýldu því á að koma upp þessari heimasíðu sem einfaldar allt ferlið í kringum ferðalagið.



FYRIR MENNINGARNÓTT

Eftir erfiðar æfingar í heilt ár er loksins komið að stóra deginum hjá mörgum langhlaupurum. Reykjavík-urmarþon Íslandsbanka er nú 30 ára og ætla eflaust margir hlauparanna að hlaupa til góðs. Ef þú átt eftir að heita á þinn hlaupara þá hvetjum við þig til að fara inn á hlaupastyrkur.is og láta gott af þér leiða. Þú smellir á „Heita á“, finnur hlaupara úr listanum sem safnar fyrir góðgerðafélag að þínu skapi og velur greiðsluleið.



Finnska amman gat ekki sagt Unnur

Undúla Danskomaný frumsýnir á mánudaginn verkið Undraland eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði

„Þetta er mjög skemmtilegt verk sem er unnið út frá ákveðnu ævintýri,“ segir Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, dansari, danskennari og danshöfundur, um verkið Undraland sem hún samdi nýverið fyrir Undúlu danskomaný. Glottandi segist hún ekki vilja gefa of mikið upp um verkið því það sé í höndum áhorfenda að túlka það eftir sínu höfði. „En þetta gerist í teboði þar sem allt fer úr böndunum og mjög furðulegir hlutir fara af stað. Svo má vera að Lisa tengist þessu eitthvað,“ segir Unnur og hlær.

Unnur hefur lengi vel kennt dans og í fyrra rættist draumur hennar um að stofna ungansaraflokk á Íslandi. „Mér fannst vanta slíkan flokk á Íslandi og mig hefur alltaf dreymt um að semja og skapa,“ segir hún en uppruni nafnsins, Undúla, er ansi sérstakur. „Ég flutti til Svíþjóðar þegar ég var 15 ára og fór í Konunglega sænska ballettskólann. Þar eignaðist ég bestu vinkonu, hana Rínu sem er finnsk. Amma hennar gat ekki sagt Unnur svo hún sagði alltaf Undúla við mig. Þannig að í þrjú ár var ég kölluð Undúla af ömmu hennar og það festist í hausnum á mér,“ segir Unnur og bætir við að þetta sé ekki vegna þess að hún heiti Unnur og er dúlla eins og sumir hafa haldið fram.

Það eru þær Helga Kristín Ingólfssdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz, Snæfríður Sól Gunnarsdóttir, Sigríður Ólöf Valdimarsdóttir, Þórhildur Jensdóttir, Þórey Birgisdóttir, Marta Hlín Þorsteinsdóttir og Ellen Kristjánsdóttir sem skípa Undúlu danskomaný en margar þeirra tóku þátt í Dans dans dans. „Ég var sjálf í Dans dans dans, svo þetta er svona Dans dans dans-hópur,“ segir Unnur Elísabet. „Ég held að ég sé alveg nett klikkuð og mér finnst ekkert skemmtilegra en skrýtnir hlutir sem verða síðan flottir,“ segir hún, aðspurð hvernig hugmyndirnar að öllum nýju danssporunum koma til hennar. „Svo sköpum við þetta stundum saman stelpurnar bara með því að bulla saman. Ég nota einmitt mikið bullmál og stelpurnar eru orðnar sérfræðingar í því enda er bullmálið stór partur af sýningunni,“ segir Unnur.

Verkið verður einungis sýnt tvisvar sinnum næsta mánudagskvöld, 26. ágúst í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. Fyrri sýningin er klukkan 20:00 en sú seinni klukkan 22:30. „Fólk getur komið, skoðað ljósmyndir, fengið sér drykk á barnum og svo er því hleypt inn í Undralands-salinn,“ en samhliða sýningunni er ljósmyndasýning með verkum eftir Unni sjálfa. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 0** sinnum hefur Þorbjörg Roach bakað vöfflur
- 9** ár eru síðan Tónaflóð var haldið í fyrsta sinn
- 20** þúsund krónur kostaði Druslugangan í ár
- 18** ára var María Rut þegar hún eignaðist son sinn

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Bláðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augj@mbl.is) **Forsíða:** Stýrmir Kári (stýrmirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakar **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Saga úr Valdísi

Ég var á leið að heimsækja eldri systur mína ásamt Hafdísi minni og syni þegar við tókum þá fyrirvaralaus ákvörðun að skreppa í Valdísi og fá okkur nokkrar vel valdar kúlur. Þar sem 10 vikna sonur minn var með í för þurfti annað okkar að fara inn og hitt að bíða í bílnum. Úr varð að ég fór inn, tók númer, skoðaði hvaða bragðtegundir væru í boði þann daginn, upplýsti Hafdísi símileiðis um úrvalið, tók niður hennar pöntun, ákvað sjálfur hvað ég ætlaði að fá, beið í 20 mínútur og pantaði svo herlegheitin.

Stelpan sem afgreiddi mig var alveg frábær og lét mig fá auka-bréfpurrkur, box undir ísana og skeiðar. Hún var líka ekkert að spara ísinn og afgreiðslufólk fær nú alltaf plús í kladdann fyrir slíkar æfingar. Þegar hún hafði komið fyrir í vöffluformin annars vegar salthnetu&karamellu, myntu og súkkulaði og hins vegar salthnetu&karamellu, pistasíu og nutella-ískulum greiddi ég fyrir

veisluna og fór glaður í bragði út úr ísbúðinni með kúlurnar í boxinu þannig að vöffluformin vísuðu upp.

Með fullt fangið átti ég í erfiðleikum með að opna bílinn en Hafdísi var með soninn í fanginu svo ég ætlaði bara að redda þessu sjálfur. Því setti ég ísinn minn upp á bílpakið á meðan ég rétti ástkonu minni ísinn ljúffenga. En í þann mund sem ég teygði mig inn í bílinn kemur glórungur mávur og stelur af mér vöffluforminu mínu og veltir um leið ísnum öllum um koll, niður af bílpakinu og á skítuga götuna.

Frábæra afgreiðslustúlkan trúði mávasögumni minni og gaf mér nýjan ís. Takk, afgreiðslukona.

Kv. Jónis



VIKAN Á FACEBOOK

Sverrir Bergmann Magnússon
 Á einhver vinur minn hér gallasmekkbuxur eða veit hvar er hægt að fá slíkar?
 20. ágúst kl. 10:36

Hlynur Júní Hallgrímsson
 Hey, þú! Eltu drauma þína, aldrei gefast upp... nema draumar þínir feli í sér að spóla í hringi á bílplani um miðja nótt. Vinsamlegast hættu þá þessu rugli samstundis!
 20. ágúst kl. 12:52

Jói Kjartans
 Desperate Housewives heita Frústreraðar frúr í norska sjónvarpinu
 18. ágúst kl. 10:14

Margrét Erla Maack
 Mikið sem það er hreinsandi að gráta í 5-6 klukkutíma með allraþjóðauglingum. Langt ferðalag fyrir höndum. Sjáumst brátt.
 17. ágúst kl. 15:34

Ólafur Þór Jóelsson
 Hlaupstatus: ég át 2 poka af sænsku gúmmi-bjarnahlaupi í gær og mér líður hræðilega..
 18. ágúst kl. 8:53

www.facebook.com/monitorbladid

Dans eins og nátt- úrúleg gleðipilla

Monitor spjallaði við **Tinnu Lind Gunnarsdóttur**, framkvæmdastjóra Reykjavík Dance Festival, um hátíðina og **Hádegistaktinn** á Menningarnótt.



SPENNING
MENNING

TINNA LIND

Fyrstu sex: 180879.
Ég á sama afmælisdag og Reykjavíkurborg en Menningarnótt er einmitt miðað út frá afmælinu okkar, alltaf haldin næsta laugardag eftir 18. ágúst þannig að þetta er eiginlega afmælisveislan mín líka.
Uppáhaldsdansari: Eva vinkona mín fyrir framan spegil.
Uppáhaldshádegismatur: Smurbrauð á SNAPS.
Lag á heilanum þessa stundina: Are We Human or Are We Dancers.
Dans á rósum eða dans á sviði? Sjálfri finnst mér gaman að dansa á rósum en vil heldur horfa á aðra dansa á sviði.

Á morgun hefst Reykjavík Dance Festival. Við hverju má fólk búast á hátíðinni í ár?

Öfgum. Nýrri sýn á það hvað dans og kóreógráfía er. Sjúklega skemmtilegum 10 dögum rétt áður en haustmyrkrið skellur á.

Í hádeginu á Menningarnæturdeginum standið þið fyrir svokölluðum Hádegistakti eða Lunch Beat eins og atburðurinn heitir upphaflega. Hvar og hvernig hófst þessi hádegisverðardansmenning?

Lunch Beat-hreyfingin á rætur sínar að rekja til ársins 2010 þar sem fjórtán manns komu saman í hádeginu í bílskúr í Stokkhólmi til að dansa. Síðan þá hefur Lunch Beat verið skipulagt í yfir 55 borgum víðsvegar um heiminn og í hverjum mánuði koma yfir 600 manns til að dansa í hádeginu á Lunch Beat Stokkhólmi. Íslendingar fengu að kynna þessu á Reykjavík Dance Festival í fyrra þegar boðið var upp á Lunch Beat í Hörpu. Fólk á aldrinum 6 mánaða til 80 ára kom og skemmti sér eins og enginn væri morgundagurinn. Ég held að þetta

sé mannbætandi og frábær viðbót í flóru heilsuræktar, geðræktar og djamms.

Hádegistakturinn hefur svo náð ágættri fótfestu hérlandis eftir frumraunina á Reykjavík Dance Festival í fyrra, ekki satt?

Jú, algjörlega. Hópur sem myndaðist á hátíðinni í fyrra og kallar sig Choreography Reykjavík tók Lunch Beat upp á sína arma og hefur skipulagt viðburðinn reglulega síðasta árið. Þetta er örugglega langvinsælasti dansviðburður landsins í dag enda alveg hrikalega skemmtilegt að „djamma“ svona í hádeginu og snúa svo aftur til vinnu eða skóla í góðum gir. Ég mæli með því að fólk fylgist með Lunch Beat Reykjavík á Facebook til að frétta af viðburðinum því þetta er bara komið til að vera.

Allir sem mæta eru svo gott sem skyldugir til að dansa. Er ekkert mál að fá alla til að dansa í dagsbirtu um hádegisbili?

Nei, það er alls ekkert mál. Allir mæta

til þess að dansa og hafa verið að koma sér í stuð síðan í morgunmatnum. Það er alltaf ókeypis inn, flottur plötusnúður sem heldur uppi fjörinu, nóg af vatni og yfirleitt hræðýr hádegisverður sem hægt er að borða dansandi eða grípa með sér að dansinum loknum. Mér finnst alltaf svo brjálæðislega góð orka og falleg stemning sem myndast þegar allskonar fólk á öllum aldri mætist og skemmtir sér svona sjúklega vel saman án áfengis. Miklu skemmtilegra en að fara í bæinn um helgar.

Má reikna með því að flugeldadanssýningin Eldar við Hafnarbakkann að kvöldi Menningarnætur skrái sig í flugeldasýningasögu Íslands?

Já, algjörlega. Sigríður Soffía Nielsdóttir dansari og kóreógráfer útfærir sýninguna þannig að fólk upplifir eitthvað allt annað og meira en hefðbundna flugeldasýningu. Flugeldasýningin er eitt dæmið um danssýningu án líkama en það er einmitt hægt að sjá dans í svo mörgu í kringum okkur. Það er reyndar önnur sýning á Reykjavík Dance Festival þar sem líkamar koma ekki

við sögu heldur eru það ljós, hljóð, reykur, sápukúlur, froða og annað sem myndar dansverkið en það kallast Evaporated Landscapes og er eftir hinn heimskunna kóreógráfer Mette Invarsten. Dans og kóreógráfía er svo fjölbreytt og það mikil við önnur listform eins og myndlist. Það hefur loðað við dansinn að fólk fer ekki á sýningar því það segist ekki skilja dans. Ég hef ekki heyrt marga vera að vandræðast með það að hafa ekki „skilið“ flugeldasýninguna á Menningarnótt. Það sama ætti að gilda um dansinn, það þarf ekkert að skilja, bara leyfa sér að upplifa.

Að lokum. Af hverju er svona fánlega gaman að dansa?

Af því það er eitthvað í frumunum okkar sem kallar á það að dansa. Þetta er ein leið líkamans til að vera skapandi og það að vera skapandi er í eðli okkar. Svo losar líkaminn endorfín sem gerir mann hamingjusaman þannig að þetta er svona eins og náttúrleg gleðipilla. Tala nú ekki um þegar góð tónlist streymir óhindrað inn um eyrun og beint í mallakúttinn þá er fátt sem toppar það. reykjavikdancefestival.is



**SMELLTU ÞÉR Á
NEMAKORTIÐ Á STRÆTÓ.IS**

AÐEINS 42.500 KR.
fyrir kort sem gildir til 31. ágúst 2014!

Ef þú tekur strætó tvisvar á dag, fimm sinnum í viku, þá borgar þú aðeins 76 kr.* fyrir ferðina.

www.strætó.is
auðveldasta leiðin til að kaupa far með strætó

Frumraun í vöfflugerð

Retro Stefson-skvísan, **Þorbjörg Roach**, hefur aldrei bakað vöfflur áður en er einstaklega fær í skonsugerðinni

Hvernig kom það til að móðir þín fór að bjóða upp á vöfflur á Menningarnótt?

Ég held hún hafi séð einhverja auglýsingu í blaðinu þar sem stungið var upp á því að fólk myndi bjóða gestum og gangandi í vöfflukaffi. Við erum með svo finan garð með listaverkum eftir ömmu og ég og bróðir minn erum í hljómsveitum svo mömmu fannst sniðugt að hafa einskonar garðpartí með vöfflum þar sem við gætum spilað og sýnt verkin.

Hefur mætingin alltaf verið góð?

Mjög góð. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem koma. Það er eiginlega alltaf troðfullt. Svo koma sumir aftur á hverju ári og svo eru auðvitað margir sem við þekkjum sem láta alltaf sjá sig.

Nú ætlar þú að baka með henni. Ert þú þekkt fyrir að vera öflug í vöfflugerðinni?

Nei, ég er þekktari fyrir að vera snilldar skonsugerðarmaður. Ég kann að gera rosa góðar skonsur. Ég hef hins vegar aldrei bakað vöfflur áður svo að ég og mamma ætlum að taka æfingu í vikunni.

Hvert er leynitrikkið?

Mér var sagt að maður eigi ekki að spara smjörð og þá

verða þær stökkar að utan og mjúkar að innan.

Hvað eruð þið að bjóða upp á á vöfflurnar?

Það er allt þetta helse, rjómi, sulta, sykur, ís og súkkulaðisósa. Svo verður eitthvað að drekka með, kaffi og kókomjólk.

Er rjóminn þeyttur?

Já, eða sprauturjómi. Ég er ekki viss en mér finnst persónulega sprauturjóminn betri, hann er sætari á bragðið.

Greiðir mamma þín þetta úr eigin vasa?

Hún sótti um styrk svo hún fær eitthvað af vöfflumixi og sultu frá Reykjavíkurborg. Hún hefur alla vega fengið það áður. En svo er hún líka að splæsa sjálf.

Hvaða skemmtiatriði verða á boðstólum?

Í ár stíga fyrst á svið frændsystkini mín sem spila á fiðlu. Svo kemur Helgi Valur og tekur nokkur lög. Samaris mæta líka í garðinum og svo enda Útidúr veisluna en bróðir minn er einmitt í bandinu.

Ætlar þú ekki að stíga á stökk?

Nei, ekki í ár. Það er búið að vera svo mikið að gera í sumar og svo erum við að fara að spila annars staðar

á Menningarnótt og erum svo á leið til Akureyrar svo maður þarf smá-hvöld líka.

Þú getur líka ekki verið að slamma alla daga.

Nei, einmitt. Ég er farin að finna fyrir þessu í hálsinum.

Ertu þá hjá hnykkjara eða hvað?

Nei, en ég fæ nudd hjá vinum og vandamönnum af og til.

Gestir og gangandi geta einnig notið listaverka í garðinum ykkar, ekki satt?

Í garðinum eru stytur eftir ömmu mína. Amma gerði dansstytturnar við Perluna og þessi listaverk eru í sama stíl.

En er fólk ekkert að reyna að ræna þessu?

Nei, það þyrfti mjög marga sterka karlmenn til að lyfta þessu.

Hvað er annars að fréttu af ykkur Retro-liðum?

Á Menningarnótt erum við að spila á Kexinu og um næstu helgi spilum við á Græna hattinum á Akureyri. Svo förum smá út í haust. Við munum spila á útihátíð í Svartfjallalandi og svo förum við til Króatíu og Tékklands.

SPENNO
MEINNO



ÞORBJÖRG ROACH

Fyrstu sex: 200390.

Lag á heilanum

þessa stundina: Nýja lagið með Sísí Ey sem Unnsteinn syngur í. Það heitir Restless.

Best á vöffluna:

Súkkulaðisósa og ís.

Mamma er: best.

TWISTER®

ZINGER COLLECTION



**HVAÐA TWIST VILTU
TAKA Á DAGINN?**

Zinger
TWISTER
CLASSIC

Iceberg, tómatar og
léttiparmæjónes

799
kr.

Zinger
TWISTER
DELUXE **NÝTT**

Klettsalat, tómatar,
mozzarella og rautt pestó

849
kr.

Zinger
TWISTER
Fresco **NÝTT**

Iceberg, gúrka, rauðlaukur
og hunangs-sinnepsósa

799
kr.



FAXAFENI • GRAFARHOLTÍ • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐÍ • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS



ALLT VARD VITLAUST ÞEGAR PÁLL ÓSKAR STEIG ÓVÆNT Á SVIÐ MEÐ HJALTALÍN ÁRIÐ 2008 OG TÓK ÞÚ KOMST VIÐ HJARTAÐ Í MÉR



ÁRIÐ 2005 VAR JÓNSI SÓÐALEGA MASSAÐUR

Tónaflóð í tíund

Rás 2 hefur boðið upp á tónlistarveislu í miðborginni á Menningar- nótt síðan árið 2004 og hafa margir flottir listamenn stigið á sviðið.



RETRO STEFSON-BRÆÐURNIR VORU SVAKA FLOTTIR Í FYRRA



ÁRIÐ 2011 VAR ÁRIÐ HANS MUGISON



ÞAÐ VAR MIKIÐ ROKK ÁRIÐ 2007 OG ÞVÍ UPPLAGT AÐ FÁ MÍNUS Á SVIÐIÐ



JÓNAS SIG FÓR Á KOSTUM ÁSAMT RITVÉLUNUM SÍNUM Í FYRRA



ER ÞAÐ EKKI SKYLDA Í DAG AÐ MYNDA ALLAR UPPLIFANIR?



TÓNAFLÓÐ 2013

20:00 – KALEO
20:35 – ÁSGEIR TRAUSTI
21:15 – HJALTALÍN
22:00 – SÁLIN HANS JÓNS MÍNS



ROKSTJÖRNU-MAGNI
VAR MAGNAÐUR 2007

da sinn



ÞAÐ ER ALLTAF GÓÐ
STEMNING Á ARNARHÓLI



ELDUR Í MÉR SÖNG HIN
FUNHEITA BIRGITTA 2004



JEFF SCOTT SOTO ÚR
WHITE SOX ALL-STAR BAND



BUBBI SÖNG
SÓL ÁRIÐ 2011



1985 EÐA 2010. SKIPTIR EKKI MÁLI.
GRAFÍK ER ALLTAF GEGGJUD.



BLOODGROUP VAR „ÆÐ“
ÍSLEG ÁRIÐ 2008



EIVOR Á TÁNUM ÁRIÐ 2007



ÁRIÐ 2008 FAGNAÐI
FÓLK ENDA GÓÐÆRISINS



FYRIR SEX ÁRUM KEYRDI
SPRENGJUHÖLLIN YFIR ÍSLAND

BACK TO SCHOOL

gallerisautján

Kringlan | Smáralind



Skráðu þig í NTC+ vildarklúbbinn á ntc.is
og fáðu afslátt af þínu upphalds merki

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

THE FINEST QUALITY
Herschel
SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK



modström

!Solid

SAMSØE & SAMSØE

JUST FEMALE

RUT&CIRCLE

G-STAR RAW

CONVERSE

Nude JEANS CO

**BULL
BOXER**

Jeffrey
Campbell

5

Kíkið á okkur á ntc.is eða á [facebook](https://www.facebook.com) og [Instagram](https://www.instagram.com)

Ekki bara Stúdentahreyfing að flippa

María Rut Kristinsdóttir hefur verið tíður gestur í fjölmiðlum landsins í sumar. Hún tjáði sig opin-skátt um kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir sem barn, kom fram fyrir hönd Druslugöngunnar og stendur nú í málaferlum við ríkið sem formaður Stúdentaráðs Íslands. **Monitor** tók þessa kjarnakonu tali.



Síðasta sem ég...

Síðasta erlenda borgin sem ég heimsótti: Berlín, þar sem ég fór á Leonard Cohen-tónleika.



Síðasti veitingastaðurinn sem ég borðaði á: Nora Magasín. Ég fékk mér Nora Burger.



Síðasta bíómynd sem ég sá: Ég hörfði á We are the Millers með mömmu í gær.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Ég keypti mér varalit fyrir þetta viðtal.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi: Það var uppvaskið í gær.



Síðast þegar ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég sagði það við strákin minn í morgun.



þátt í. Allt gerðist einhvern veginn síðustu vikuna og þar sem við náðum ekki að redda neinu fjármagni kostaði Druslugangan ekki nema um 20.000 krónur og við sem skipulögðum gönguna lögðum hluta af því í púkk. Meðbyrinn með málstaðnum er alltaf meiri og meiri á hverju ári og að líta við upp Skólavörðuholtið og sjá mannhafið mætt til að öskra með okkur: „Fáðu já“ var magnað. Ég var með brosverki í kinnunum allan daginn. Umræðan sem skapast hefur í þá átt að það að verða fyrir nauðgun eða misnotkun sé ekki einkamál og eigi ekki að vera leyndarmál hefur vonandi það forvarngildi að fólk sem nauðgar og misnotar börn hugsar sig tvisvar um.

Þá kom í ljós að maður verður að taka tappann af stautnum áður en maður pissar á hann.

Á svipuðum tíma fórst þú í mjög opinskátt viðtal um kynferðisofbeldi sem þú varðst sjálf fyrir sem barn. Hvernig viðbrögð fékkstu við viðtalinu?

Alveg rosalega góð. Inboxið mitt fylltist af pósti og ég fékk margar símhringingar. Það er fólk að koma upp að mér og segja mér að vegna viðtalsins hafi það ákveðið að stíga fram og mér þykir alveg ótrúlega vænt um það.

Viðbrögðin við málsókninni hafa heldur ekki látið á sér standa eða hvað?

Ég hef allavega ekki enn hitt stúdent sem ekki er fylgjandi henni. Ég held það hafi verið tímabært að Stúdentaráð sýndi klærnar. Margir hafa þakkað okkur fyrir að standa vörðinn og fyrir baráttuna, það er gífurlega gott að vita af því að það sé eining um þetta mál. Það hvatti okkur mikið áfram að sjá viðbrögðin en yfir 5000 manns lækuðu Facebook-síðuna „Námsmenn af fullri alvöru“ á einum degi!

Aðalmeðferð hefst fyrir héraðsdómi á fimmtudag, sama dag og þetta viðtal kemur út, og eftir hana er niðurstaðan í höndum dómsvaldsins. Hvað er þá næst á dagskrá Stúdentaráðs Háskóla Íslands?

Það er af nógu að taka. Við erum að skipuleggja nýnemadaga og Októberfest sem er alltaf jafn skemmtilegt. Af hagsmunamálunum má sérstaklega nefna lóðamálin þar sem okkur vantar fleiri stúdentegarða. Svo er auðvitað ýmislegt í innviðum Háskóla Íslands sem þarf að taka á auk þess sem stefnt er á að stofna landssamtök fyrir íslenskra stúdenta með haustinu. Annars munum við auðvitað halda áfram að vinna í lánasjóðsmálum enda kemur annað úthlutunarár eftir þetta. Svo eru mjög spennandi nýir hlutir í bígerð sem við munum greina frá bráðlega.

KVIKMYNDIR

Mynd sem ég get horft á aftur og aftur: Amelle

Mynd sem ég væli yfir: Lion King – gets me everytime!

Mynd sem ég grenja úr hlátri yfir: Ég vældi úr hlátri yfir This is the End um daginn.

Uppáhaldsmynd í æsku: 10 things I hate about you.

Versta mynd sem ég hef séð: Allar myndir með Katherine Heigl jafn verstar.

TÓNLIST

Lag í upphaldi þessa stundina: „We no who u r“ með Nick Cave and the bad seeds.

Lag sem kemur mér alltaf í gott skap: „This must be the place“ með Talking Heads.

Lag sem ég fíla í laumi: Baby með Justin Bieber.

Lag sem ég syng í kárióki: I will always love you með Whitney Houston

Nostalgíulagið: Don't think twice it's alright með Bob Dylan einkenndi mín unglingsár. Sem krakki var það Narcotic með Liquido

FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Lasagnað hennar ömmu.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Ég bý mér til eitthvert svona salat heima.

Versti matur sem ég hef smakkað: Mér finnst saltfiskur alveg ótrúlega vondur.

Líkamsræktin mín: Ég er nýfarin að æfa fótbolta með FC Ógn og ætla að vera dugleg að mæta í haust.

Stoltasta augnablikin á íþróttaferli mínum: Þegar ég varð Vestfjarðameistari í sundi 10 ára, eða þegar ég vann öll gullverðlaunin í frjálsum á héraðsmóti.





TOO HOT TO HANDLE?

THE ORIGINAL
**TURKISK
PEBER**

Alma Rún Hreggviðsdóttir er 16 ára fyrsta árs nemi við Verzlunarskóla Íslands. Alma hefur skemmtilegar skoðanir þegar kemur að tísku og eru mynstraðar buxur og flottar kápur ómissandi.

Verzlingar og MH-ingar flottastir í tauinu

Hver er Alma Rún? Sextán ára stelpa úr Fossvoginum sem hefur gaman af tísku, ballett og ferðalögum.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Hann er mjög mismunandi og breytist nánast frá degi til dags. Núna myndi ég segja að hann væri frekar kvenlegur, afslappaður og jafnvel smá-“edgy” á köflum. Ég reyni að fara eftir því hverju mig langar að vera í hverju sinni og hvað mér finnst fallegt frekar en að fylgja bara trendum. Elska samt alltaf að klæðast oversized flíkum og að blanda saman mörgum lögum af fötum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég versla langmest erlendis en þá finnst mér Urban Outfitters, Monki, NastyGal og Topshop standa helst uppúr. Svo er H&M auðvitað alltaf góð fyrir basics.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Klárlega haustið, sérstaklega þegar nýju flíkumnar fara að koma í búðirnar eftir endalausar sumar-

útsölur. Litirnir verða fállegri og þá hefur maður líka fleiri tækifæri til að blanda saman fleiri lögum af fötum og fara í flottar yfirhafnir.

Hver er best klædda kona í heimi? Ég held að Alexa Chung og Cara Delevingne megi deila þeim titli.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í Verzló?

Það kom einhvernvegin aldrei neitt annað til greina. Mig hefur langað að fara í Verzló frá því að ég var lítil og hef heyrt svo marga góða hluti um hann. Auk þess hefði bróðir minn afneitað mér hefði ég valið eitthvað annað.

Telur þú að tískan sé mismunandi milli framhaldsskóla?

Það eru auðvitað alltaf þessar staðalmyndir á milli framhaldsskóla og ég held að það sé alveg eitthvað til í þeim, þó svo að það eigi auðvitað alls ekki við um alla og margar mismunandi týpur séu í hverjum framhaldsskóla.

Í hvaða framhaldsskóla eru best klæddu

nemendumir og hvers vegna? Það er auðvitað erfitt að fullyrða það, það sem einum finnst flott finnst öðrum ljótt. Að mínu mati finnst mér samt Verzlingar og MH-ingar flottastir í tauinu.

Uppáhalds-tískutrendið þitt þessa dagana?

Mér finnst hvítt-á-hvítt trendið vera mjög flott þessa stundina og er líka mjög hrifin af stórum yfirhöfnum, leður-buxum, hvítu leðri, “bumbags”, áberandi mynstrum og flottum strigaskóm, t.d Nike Airmax.

Hvað er ómissandi fyrir stelpur að eiga í fataskápnunum fyrir komandi skólaár?

Gallajakka eða flotta kápu, hlýja þykka peysu, statement-hálsmen, mynstraðar buxur og klárlega einhverja flotta og þægilega sneakers.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattúmyndir þú fá þér og hvar?

Myndi líklega fá mér eitthvert lítið tattú á úlnliðinn sem yrði þá að hafa einhverja þýðingu fyrir mig.



stíllinn

Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is



BALLDRESS

KJÓLL: BCBG,
SKÓR: ALDO

ALMA RÚN

Fyrstu sex: 020197

Skóli/ starf: Fyrsta árs nemi í Verzlunarskóla Íslands

Uppáhaldsflíkin þín: Ætli ég verði ekki að segja Dr. Martens-skórnir mínir, þar sem ég nota þá nánast við allt.

Þrjú orð sem lýsa þér

best: Glaðlynd, samviskusöm og skipulögð.

NÝNEMAR MEÐ TÍSKUVIT

Stíllinn fékk nýnemana **Ölmu Rún Hreggviðsdóttur** og **Fannar Guðna Guðmundsson** í heimsókn þessa vikuna og sýndu þau okkur nokkur dress úr fataskápnunum sínum.



UPPÁHALDS

PEYSA: SPÚÚTNIK FATAMARKAÐUR

BOLUR: H&M

BUMBAG: MARKAÐUR Á SPÁNI

BUXUR: MONKI

SKÓR: DR. MARTENS



HELGARDRESS

BUXUR: GALLERY 17

SKÓR: GALLERY 17

BOLUR: WEEKEND

JAKKI: URBAN

SOKKAR: WEEKEND



UPPÁHÁLDS

BUXUR: H&M

BOLUR: WEEKEND

SKÓR: SPORT DIRECT

JAKKI: H&M

SOKKAR: WEEKEND

FANNAR GUÐNI

Fyrstu sex: 270197
Skóli/starf: MS-ingur og aðstoðar-leikstjóri í Söng- og leiklistarskól-anum í Borgarleikhúsinu.
Uppáhalds-flíkin: Gömul vinnu-skyrta sem ég stal af afa mínum.
Þrjú orð sem lýsa þér best: Óþol-
 inmóður, ákveðinn og óeigingjarn.



BALL-DRESS

BUXUR: H&M.
SKYRТА: H&M.
SKÓR: FOOTWEAR.
SOKKAR: WEEKEND.
JAKKI: 21 MAN

Myndir/Styrmir Kári

Fannar Guðni Guðmundsson er sextán ára nýnemi við Mennta-skólann í Sund og hefur mikinn áhuga á tísku. Fannar klæðir sig eftir sínu höfði og er sérlega hrifinn af Retro-skótískunni.

MH sker sig úr í klæðaburði

Hver er Fannar Guðni? Bara strákur sem hefur gaman af tísku, íþróttum og pólitík, get verið feiminn en það gerist ósköp sjaldan.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Svona einhvern veginn „urban“, geri það sem ég vil. Ég reyni að fylgjast mikið með tískubloggum en klæði mig oftast bara eins og mér finnst flott. Hef oft verið gagnrýndur fyrir það, en það er bara gaman.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Var voða mikill Spútnik- og Gallerý 17-maður en H&M er að stíga upp og koma með flottar línur á hverju ári, ég reyni að versla eins mikið og ég get erlendis.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Mér finnst vorið alveg lang-skemmtilegast, þá getur maður verið svona örlítið sumarlegur, samt verið í jökkum en ekki í kuldaskóm.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi? Vá þessi er erfið, það eru sumir menn eins og félagi minn Ryan Gosling og Zac Efron sem kunna að klæða sig á rauða dreglinum og vera classy en svo hverdagslega finnst mér Bieberinn vera nettur og svo er Andreas Wijk alltaf solid.

Hvers vegna ákvaðstu að fara í Mennta-skólann við Sund? Aðalástæðan er bekkjarkerfi, held ég, ég gæti aldrei verið alltaf með nýjum og nýjum krökkum í hverjum tíma, ég er alltof athyglissjúkur þannig það myndi ekki enda vel, held ég.

Telur þú að tiskan sé mismunandi milli framhaldsskóla? Ég held að munurinn sé mun minni en hann var en auðvitað er alltaf smá-munur, held að skólinn sem skeri sig hvað mest úr sé MH, þar klæðir fólk sig bara eins og það vill. Og ég fíla það.

Í hvaða framhaldsskóla eru best klæddu nemendurnar og hvers vegna? Það er ekki hægt að svara þessari án þess að lenda í einhverju veseni, en mér finnst fólk klæða sig skemmtilega í flestum skólum og Verzló, MR, MS, MH og Kvennó koma kannski sterkastir inn.

Uppáhalds-tískutrendið þitt þessa dagana? Allir þessir Retro-skór eru alveg vel flottir, sérstaklega Nike og New Balance. Annars fíla ég líka blómahárböndin á stelpum og finnst tóbaksklútar flottir á strákum.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnunum fyrir komandi skólaár? Nóg af bolum, nóg af húfum, flottar buxur og nike-skó.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvernig tattú myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi klárlega fá mér einhverja fallega setningu úr Biblíunni á vel völdum stað.



SKÓLADRESS

BOLUR: WEEKEND
BUXUR: H&M
KLÚTUR: STRIKINU Í DANMÖRKU
SKÓR: H&M.
SOKKAR: WEEKEND
JAKKI: ISOLID



HELGARDRESS

BLAZER: MANGO
BOLUR: SPÚÚTNIK
BOLUR (INNANUNDIR): H&M
BUXUR: FOREVER 21
SKÓR: URBAN OUTFITTERS
ARM BAND: MANGO



SKÓLADRESS

SKYRТА: ZARA
GALLAVESTI: ÚR FATASKÁP BRÓÐUR
BUXUR: STRADIVARIUS
SKÓR: RIVERISLAND



PÖBBARÖLTID ER ALÞJÓÐAKOKTEILL



ÞAÐ ER ENGIN FLIPPSÍA Í MALASÍU

Standandi partí hvert einasta laugardagskvöld

Við Íslendingar eigum glæsilega sendiherra skemmtanalífsins í Kuala Lumpur því Ómar, Jónas og Guðrún standa, ásamt vini sínum Eelke, fyrir pöbbarölti þar í borg.

Hvenær fluttu þið til Kuala Lumpur og hvers vegna?

Guðrún: Ég flutti til Kuala Lumpur í nóvember síðastliðnum til að fara í meistaranám í kennslufræðum, og svo fyrir algjöra slembilukku fékk ég framtíðarstarf hér sem frónskukennari svo það lítur út fyrir að ég verði hér aðeins lengur en upphaflega var áætlað. Á maður nokkuð að vera að setja sig upp á móti því?

Ómar: Ég flutti líka í nóvember til Kuala Lumpur, því mér bauðst tilboð sem ég gat ekki hafnað við stofnun sprotafyrirtækis, og svo langaði mig bara líka til að flýja kuldann og leiðindaveðrið í Danmörku, þó fyrir hefði verið.

Eelke: Ég kom hingað í mars til að eyða einni önn sem skiptinemi í háskóla hér í borg, rataði svo fyrir algjöra tilviljun inná pöbbaröltið og eftir það varð ekki aftur snúið. Nú lítur út fyrir að ég verði hér í hálf tveim ári í viðbót, og það mætti segja að það væri pöbbaröltinu að þakka.

Hvernig kom það til að þið fjögur, Ómar Chelbat, Jónas Chelbat, Guðrún Björg Ingimundardóttir og Eelke Arjaans, hófuð að stýra pöbbarölti í borginni?

Ómar: Jónas og ég áttuðum okkur á því að það vantaði einhvers konar skipulagða skemmtun í Kuala Lumpur sem væri meira en bara að fara á einn bar og fá sér nokkra drykki. Það vantaði eitthvað sem fólk gæti tekið þátt í saman, óháð því hvort þeir væru túristar, heimamenn eða útlendingar búsettir í Kuala Lumpur. Fyrsta skipti sem við keyrðum pöbbaröltið, í lok október á síðasta ári, voru það bara vinir og vinir vina sem mættu, og allir voru á því að þetta væri eitthvað sem þyrfti að gera aftur, og urðum við að sjálfsgöðu við því. Það næsta var haldið á Hrekkjavökunni, sem endaði með því að vera stærsta pöbbaröltið frá upphafi, 76 manns, og eftir það var eiginlega ekki spurning um annað en að halda þessu áfram, og síðan þá hefur þetta bara verið standandi partí hvert einasta laugardagskvöld.

Guðrún: Ég ætlaði mér að sigrá heiminn áður en ég mætti á staðinn, svo ég réðst í það af fullum krafti að ganga til liðs við alls konar Facebook-grúppur fyrir fólk búsett í Kuala Lumpur með það að markmiði að kynnst sem flestum, þar sem Jónas fann mig fyrir tilviljun og tilkynnti mér, mér til mikillar gleði, að hann væri Íslendingur búsettur í borginni sem sœi um að skipuleggja þessi pöbbarölt. Ég mætti svo sem gestur í fyrsta skipti í janúar með íslenski vinkonu, tvífótbrotin og á hækjum, og hef ekki hætt að mæta síðan þá.

Hvernig fer svona kvöld fram?

Ómar: Það byrjar þannig að allir mæta á fyrsta barinn, sem er vandlega auglýstur, og þar erum við í svona einn og hálfan klukkutíma meðan fólk er að tínast á staðinn. Þar skrá allir sig, fá nafnspjald þar sem kemur fram nafn og land, og svo fá allir miðabúnt,

gegn greiðslu, sem þeir nota á hverjum stað fyrir sig. Þeir framvísa miða á hverjum stað og fá einn drykk í staðinn. Á milli staðanna förum við svo í leiki sem snúast um að brjóta ísinn og hrista liðið aðeins saman, þar sem fólk kemur yfirleitt í smærri hópum frá bókstaflega öllum heiminum. Allt í allt kosta fimm drykkir plús drykkjuleikir og aðgangseyrir inn á einn finasta klubb Kuala Lumpur ekki nema samtals 2500 íslenskar krónur, sem er gjöf en ekki gjald fyrir sex tíma djamm og skemmtun.

Eruð þið ábyrg fyrir nýjum vinatengslum eða jafnvel ástarsamböndum?

Guðrún: Heldur betur. Oft og tíðum erum það við sem komum fólki saman eða hvetjum til frekari kynna, og stundum blandast maður sjálfur inn í þetta, en höfum ekki fleiri orð um það.

Hvers vegna hefur þetta pöbbarölt ykkar náð svona miklum vinsældum?

Ómar: Þetta er tækifæri fyrir fólk sem þekkir ekki marga í borginni að eignast vini og skemmta sér í stórum hópi fólks, þetta er tækifæri fyrir heimamenn að kynnst útlendingum, svo er andrúmsloftið alltaf svo vinalegt að það er alveg sama hversu margir mæta, maður fær aldrei á tilfinninguna að maður sé staddur annars staðar en í góðu partí með góðum félögum. Svo flýgur fiskisagan að sjálfsgöðu hratt meðal sáttra bakpokaferðalanga, við höfum það allavega fyrir satt að kjamsað sé á góðum pöbbaröltssögum á farfluglaheimilum víðsvegar í Suðaustur-Asíu.

Þetta hefur spurst hratt út og sífellt fleiri kíkja á röltið með ykkur. Hvar endar þetta?

Ómar: Í bólinu með framtíðareiginmanninum eða eiginkonunni. Nei, djók!

Jónas: Það bara stækkar og stækkar, við förum að bæta við fleiri kvöldum, svo förum við að selja boli tengda pöbbaröltinu svo það lifir lengur í minningunni, og svo vonandi endar það með því að fólk áttar sig á að öllum í heiminum getur komið jafn-vel saman og þeim sem koma á pöbbaröltið hjá okkur, hvort sem þeir koma frá Pakistan, Bandaríkjunum, Mongólíu, Íslandi eða Fidjeyjum. Öll dýrin í skóginum eru vinir hjá okkur.

Getur þú að lokum sagt okkur frá eftirminni- legu atviki úr pöbbaröltinu?

Þetta er yfirleitt frekar auðvelt og skemmtilegt starf, en svo koma kvöld þar sem maður þarf að hafa aðeins meira fyrir því að passa hjörðina sína. Það gerðist eitt kvöld að einn pöbbaröltari mætti í aðeins of stórum buxum, og þið getið svosem getið ykkur til um hverju þurfti að halda uppi öðru en stuðinu það kvöld.



ÓMAR

Fyrstu sex: Einkamál.
Uppáhaldsbar í Köben: Vega.
Uppáhalds í KL: Loco.
Besta lagið: I Follow Rivers með Lykke Li.

EELKE ARJAANS

Fyrstu sex: Er það svona sem þið skrifið „sex“ á Íslandi? Jiii, en dónó.
Uppáhaldsbar í Hollandi: Café de Oude Schans.
Uppáhalds í KL: Loco.
Besta lagið: Daddy Cool með Boney M.

GUÐRÚN BJÖRG

Fyrstu sex: 140588.
Uppáhaldsbar á Íslandi: Micro Bar og Ölstofan.
Uppáhalds í Kuala Lumpur: Loco.
Besta lagið: Dancing on my own með Robyn. Svo kemur Skólarpapp alltaf sterkt inn.

ÚTHALD

CW-X® CW-X Stabilyx íþróttabuxur

- styður við hné, kvið, mjóbak, mjaðmir, læri, IT band, kálfa og hásin
- örvar blóðflæði og dregur úr myndun harðsperra
- eykur stöðugleika, jafnvægi, hreyfigetu og úthald
- dregur úr hættu á meiðslum



 CW-X.
CONDITIONING WEAR.

Það er eins gott að Lilja Pálma verði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í **2 Guns!**

KVIKMYND

Þunnt og þreytulegt

Þegar ég sá stíkluna fyrir Red 2 var ég búinn að steinglyma forvera hennar, Red, og að ég hafi farið á hana á sínum tíma. Sú er þó raunin og þó svo að hún hafi átt ágætis spretti og hugmyndin hafi verið framkvæmd á sómasamlegan hátt bjóst ég ekki beint við framhaldi.



endudum við á Red 2 í vikunni og eins mikill „sökker“ og ég er fyrir froðumyndum með fullt af byssum og slagsmálum þá gat ég ekki fengið mig til að njóta mín á þessari. Hún er ófrumleg og klisjukennd, alltof löng og hryllilega þunn frá upphafi til enda. Þegar átti að slá á léttu strengi var það greinilega í verkahring Mary-Louise Parker, sem almennt þykir fyndin og skemmtileg, en í þetta skiptið drullaði hún í deigið, lék afar illa og það var í rauninni þínlegt að fylgjast með henni kreista fram brandarana.

Mig grunar að Bruce Willis og félagar hafi skuldað einhverjum framleiðanda greiða og þurft því að taka að sér þetta verkefni en ég á bág með að trúa því að Óskarsverðlaunaleikararnir Anthony Hopkins og Helen Mirren séu að leika í Red 2 af hreinni ástríðu fyrir handritinu. Nú eða þá að þau hafi hreinlega fengið óhóflega mikið borgað fyrir hlutverk sín.



HJÁLMAR KARLSSON




RED 2



Percy Jackson: Sea of Monsters

Percy Jackson: Sea of Monsters er heitið á annarri myndinni sem gerð er um ævintýri þessa sonar gríska sjávarguðsins Póseidons, en hún er sjálfstætt framhald myndarinnar The Lightning Thief frá árinu 2010. Eins og í fyrri myndinni er það Logan Lerman sem fer með hlutverk Percys Jackson, en í þetta sinn er leikstjórnin í höndum Thors Freudenthal sem gerði síðast hina skemmtilegu mynd Diary of a Wimpy Kid.



finna og nota mátt hins gullna töfrateppis sem ógnvænlegur sjávardreki gætir í hinu hættulega hafi skrímslanna. Þar með hefst ævintýraferð sem á fáa sína líka og Percy þarf ekki einungis að glíma við risastór skrímsli sem verna honum leiðar heldur hittir hann á ferðum sínum margar aðrar kynjaverur sem enginn veit hvort eru vinir eða óvinir. Og ef einhvern tíma hefur verið þörf fyrir þann mikla mátt sem Percy býr yfir sem sonur sjávarguðsins Póseidons þá er það núna.

Myndin var frumsýnd í Smárabíói, Háskólabíói, Laugarásbíói og Borgarbíói Akureyri í gær, miðvikudag.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Kick Ass 2

Dave ákveður að stofna heimsins fyrsta ofurhetjuteymi ásamt Mindy. Til allrar óhamingju þá er Mindy gripin glóðvolg í Hit Girl-búningnum sínum við að reyna að stela út að kvöldi til, og hún leggur því búninginn á hilluna og neyðist til að takast á við lífið í skólanum eins og hver önnur venjuleg stúlka. Því ákveður Dave að slást í lið með Justice Forever-hópnum. Þegar hópurinn er loksins farinn að láta til sín taka úti á götum borgarinnar þá mætir The Mother F...r á svæðið ásamt illvígu teymi sínu, en hann vill láta Kick-Ass og Hit Girl borga fyrir það sem þau gerðu föður hans. En það er eitt vandamál við þetta allt saman: þegar þú áreitir einn meðlim Justice Forever, þá ertu að áreita alla meðlimi hópsins.

Leikstjóri: Jeff Wadlow.
Aðalhlutverk: Jim Carrey, Chloë Grace Moretz, Lyndsy Fonseca, Aaron Taylor-Johnson, Nicolas Cage, Yancy Butler, John Leguizamo, Ella Purnell og Augustus Prew.
Lengd: 113 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíói, Sambíói.

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

Splinter cell: Blacklist

M MMMMM

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Ubisoft

Dómar:
 8 af 10 – Eurogamer.net
 9,2 af 10 – IGN.com
 8 af 10 – Gamespot

Aumingjar læðast...

Í tölvuleikjum eru nokkrar leiðir til að drepa óvini. Að hlaupa vel vopnaður inná svæðið og sprengja allt í loft upp er nokkuð vinsælt, en einnig sú aðferð að læðast aftan að óvininum og fella hann hljóðlega. Ein harðasta „læða“ tölvuleikjanna er hinn hljóðlátí Sam Fisher, en hann er aðalsöguhetjan í Splinter Cell-leikjunum.



Splinter Cell-leikirnir voru hvað harðastir í spilun þar sem leikmenn læðast um og drepa hljóðlega, en í síðustu leikjum hefur serían misst dálítið flugið hvað þetta varðar og dottið meira í bullandi skothasar. Í nýjasta leiknum Splinter Cell: Blacklist dettur serían sem betur fer aftur í gamla góða læðugírinn. Hryðjuverkamenn hafa sett upp lista yfir skotmörk sem þeir ætla að sprengja upp í Bandaríkjunum og þarf Sam Fisher að stoppa þá áður en allt verður vitlaust. Til að bregðast við þessu kallar Sam saman leyniher sinn sem heitir 4th Echelon og keyrir svo í hryðjuverkamennina sem eiga sér þá ósk heitasta að þeir hafi aldrei fæðst. Til að hjálpa sér í gegnum verkefni leiksins hefur Sam Fisher hina alíslensku Önnu „Grim“ Grímsdóttir, en hún hleður í hann upplýsingum um framgöngu mála. Leikurinn gerist víðsvegar um Bandaríkin og er spil-

un hans í anda þriðju-persónu hasarleikja. Borð leiksins eru vel hönnuð og bjóða uppá marga mismunandi möguleika til að leysa verkefni. Hörðustu Splinter Cell-aðdáendur geta farið í gegnum allan leikinn án þess að láta heyra í sér, en svo geta aðrir spilað þannig að byssan talar meira og minna. Þegar líður svo á fá leikmenn peninga til að

uppfæra vopn og græjur sem Sam notar í verkefnum og virkar það nokkuð vel og gerir leikinn fjölbreyttari.

Grafíkin í Splinter Cell er nokkuð vel gerð og lítur leikurinn mjög vel út, reyndar eru andlit og hár allra nema Sams Fisher frekar illa útlítandi, en það ætti ekki að trufla neinn nema þá kannski helst Kalla Berdsen. Tónlistin er einnig mjög góð, en maður saknar Michaels Ironside sem raddar Sams Fisher, en framleiðendur leiksins ákváðu að skipta honum út.


Niðurstaðan er frábær hasarleikur sem hentar öllum, bæði grjóthörðum og rólegum. Og sannar Splinter Cell: Blacklist að það er grjóthart að læðast aftan að mönnum.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON



@kaarenlind Frænuhittingurinn var bara ágætur í kvöld.. #rihanna #badgalriri #robynrhannafenty #misslilys #riri



@logifkpedro Bumbi fór í sjóinn. @emmsjegauti



@sindrijensson Í dag hitti ég einn besta markvörð allra tíma og varð að fá bolamynd. Það lá ekkert sérlega vel á Peter í dag en hann gaf sér tíma í smá-spjall. #copenhagen #peterschmeichel



#monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Það er svo yndislegt þegar Íslendingar hitta fræga útlendinga. Maður getur ekki annað en samfagnað viðkomandi einstaklingum.

Ert þú í Instahring Monitor?

Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@bjornbragi Hötum ekki þaksundlaugina í Barcelona.



@gislipall Þessi er léttur, ljúfur og kátur... <3



@fannarsveins Nú eru skólarnir að byrja og þá er gott að eiga góða tösku #galleriesautjan



@elgur Mig langar að þakka kærlega fyrir þau sterku viðbrögð sem ég hef fengið við umslagi plötunnar Tímar án ráða. Segja má að ég sé alveg í skýjunum með þá jákvæðu krít-ík.



@haukurhardar Afmælisbarnið, María Dóra frænka mín, vildi sjálf fá hausinn. Kári bróðir hennar lifði af fyrsta niðurskurð.



@thorunnantonia haha! 12 year old very (nerdy) / happy as i won a singing competition



BÆTINGARÁÐ BERGS

Matarræðið

„Sixpakinn er búinn til í eldhúsinu,“ á Schwarzenegger víst að hafa sagt. En hvað þýðir það? Fæstir byrjendur gera sér grein fyrir því hversu margar kaloríur er í sumum matvörum og hversu langan tíma tekur í raun að brenna þeim. Segjum sem svo að þú farir út skokka. Þú ert byrjandi en hleypur nokkuð rösklega. Segjum að það taki þig 6 mínútur að hlaupa hvern kílómetra. Það er hraði 10 á hlaupabrettinu. Þú ferð út í 20 mínútur og brennir kannski um 200 kaloríur, svitnar vel og ert ánægður með framtakið. Þú brenndir ekki hálfan lítranum af kókinu sem þú fékkst þér með hádegismatnum. Líkamsrækt hjálpar okkur að bæta styrk, auka þol og úthald en til þess að léttast þarf matarræðið að fylgja með.

Bergur er fyrrverandi frjálsíþróttakappi og starfar sem ÍAKeinkaþjálfari hjá Reebok Fitness. Skoðuðu fleiri ráð á www.facebook.com/baeting



ÍSL-ENSKUR TEXTI



Naughty Boy - La La La

I'm covering my ears like a kid
When your words mean nothing, I go la la la
I'm turning off the volume when you speak
Cause if my heart can't stop it, I find a way to block it I go
La la, la la la...
I find a way to block it I go
La la, la la la...

Ég er nær mínum eyrum eins og krakki þegar orð þín þýða ekkert, fara ég la la la

Ég er að slökkva hljóði þegar þú talar Orsök ef hjarta mitt getur ekki hætt því, finnst mér leið til að loka hana ég fer La la, la la la ...

Ég finna leið til að loka hana ég fer La la, la la la ...

Takk, Google Translate!



Íslandsmótið í liggi fór fram um helgina þar sem Finnur Friðrik Fjælsted fór á kostum þegar hann náði þrettán klobbum á átta mínútum og stóð uppi sem sigurvegari ásamt félagum sínum í Leghernum.

Saga af snjallsíma

Ókei. Ég viðurkenni það. Mig dauðlangar í snjallsíma. Af hverju? Ég eiginlega veit það ekki. Mögulega held ég að sími með snertiskjá í stað upphleyptra takka geri lífið mitt betra. Kannski eru það yfirborðskenndari hlutir á borð við Instagram og Snapchat sem kveikja þessa þrá. Allaveganna, mér þykir verulega erfitt að viðurkenna þetta. Hingað til hef ég nefnilega beintengt snjallsíma við þetta gífurlega neyklusamfélag sem við búum í, þar sem neyflan er nær löngu hætt að snúast um alvöru þörf, heldur hvað við viljum að hlutirnir tákni fyrir okkur, okkar persónu.

Ég nota hlutina þar til þeir eru í alvörunni ónýtir“ er svolítið mitt „statement“ sem ég sýni stolt, til dæmis með því að svara í aldagamla Nokiasímann minn. Það fer fyrir brjóstið á mér þegar samfélagið segir að ég verði að henda þessu og kaupa hitt. Fjárfesta í flatarí sjónvarpsskjá. Kaupa splunkuný fót afþvíað skólinn er að byrja (hver lætur sjá sig í mánaðargómlum lörfum í miðri skólastofu? Aaaaaveg).

Er sími sem kostar tuttugu bláa peninga að fara að gera lífið mitt betra? Verð ég skipulagðari? Tek ég jafnvel upp á því að fara út að hlaupa og deila afrekinu á veraldarvefnum í boði Runkeeper? Hætti ég að geta mætt á viðburði án þess að upplifa þá í gegnum 3,5“ símaskjá? Og það sem mestu máli skiptir; hversu langan tíma mun það taka mig að tyna símanum? Allavega eyðileggja hann smávegis.

Starfsmaður mótuneytisins hleypur að kassanum. „Þú hefur sko alveg getað hringt bjöllunni“. Ég geri mér grein fyrir því að ég hef staðið alein með matinn heillengi án þess að kippa mér upp við það. „Jááá, æ þetta er allt í lagi. Ég var nefnilega að kaupa mér svona snjallsíma fyrir klukkutíma,“ segi ég og lít með vandræðalegt bros upp úr þessum glansandi, rándýra tækjabúnaði.

Auðvitað keypti ég stærsta símahulstrið sem ég fann: heilt veski. Ég mun missa gripinn í gólfíð. Fallið verður harkalegt og þetta mun gerast ítrekað. Ég fékk kalt fyrir hjartað þegar

afgreiðslukonan byrjaði á að sýna mér einhverskonar sílikonlufsu sem rétt nær utan um hornin á símanum. „Fyrirgefðu en hvaða gagn gerir þetta?“ hreyttist ósjálfrátt út úr mér. Væntanleg högg munu alltaf dynja á svæðum sem þessi „bumper“ nær ekki til. Dýri síminn hennar Margrétar þarf hjálm. Ekki sundhettu.

Það sem gleður: Að hitta á réttan bókstaf þegar ég skrifa SMS (þetta er allt að koma). Fyndin autocorrect (“Þessu var refsað með sóma” hafði tildæmis ágætis skemmtanagildi). Að syngja fyrir Snapchat-vini mína með von um að ég verði uppgötvað í framhaldinu. Þegar veskið bjargar símanum frá því að fara í öreindir. Að filtera fullkomin instagram-augnakbl. Mest gleður þó að finna og nota „öpp“ sem hjálpa, í alvörunni, til við nám og önnur verkefni og gefa mér þannig smá-sannfæringu um að ég hafi eytt vel. Það sem gleður minna: Stanslaust stress yfir staðsetningu símans og að nú sé hann endanlega glataður. Endalausar núðlumál-tíðir til að renna stöð aftur undir fjárhaginn.

Vissulega er ég hvorki betri einstaklingur né myndasmiður (hvað þá hlaupari) fyrir sakir þessa nýja tækis. En þegar öllu er á botninn hvolft er ég sátt við ákvörðunina. Stundum er bara alveg í lagi að fylgja tækninni og framþróuninni. Eðlilegt jafnvel. Á meðan maður getur gert greinarmun á milli alvöru þarf og gerviþarf. Á meðan maður getur réttlætt kaupin. Nýtt sér það sem tæknin hefur upp á að bjóða. En ef þú kemur að mér á samkomu og ég er að spila Candy Crush... þá hef ég misst tókin. Þá er þetta búið að falla um sjálft sig. Og þá máttu eiga símann minn.

Margrét Arnardóttir



FRASAKÓNGARNIR

Hýra halarófan

Það er frábært að fylgjast með jákvæðri þróun Hinsegin daganna hér á landi. Á ári hverju sameinast fólk af öllum gerðum í göngunni skemmtilegu. Þó væri vissulega gaman að brydda upp á þeirri nýjung að kalla gönguna Hýru halarófuna.

Dæmi: „Ætlar þú með okkur niður í bæ, Sindri Þráinn? Það er alltaf svo gaman að horfa á hýru halarófuna.“

Í hverri viku munu frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI



10

sms sem þó vildir óska að þú fengir

- 1 Launað frá í dag vegna veðurs. - Yfirmaður þinn
- 2 Á leiðinni með þynnkupítu & kók. - Bara einhver
- 3 Vektu mig þegar þú kemur heim. - Kæri
- 4 Til hamingju!!! - Víkingalottó
- 5 Hæ, þú þekkir mig ekki en ég fann veskið þitt og lyklana þína á djammínu í gær. Á ég að koma með þetta til þín? - Bjarguættur þinn
- 6 Ég fékk herpes eftir að ég hætti með þér. Fyrirgefðu allt. - Fyrrverandi
- 7 Inneignin þín er undir 100 krónum svo við ætlum að gefa þér 1000 í viðbót. - Símafyrirtækið þitt.
- 8 Vakandi? - Ryan Gosling
- 9 Kæru nemendur, prófið á morgun fellur niður og þið fáid öll 10 fyrir að vera krútt. - Kennarinn þinn
- 10 Þetta reddast maður. - Guð



VÍSINDAVEFURINN

Eru fiskar í Dauðahafinu?

Dauðahafið er sérstakur staður fyrir margra hluta sakir. Vatnið liggur í Jórdan-sigdalnum á mörkum Vesturbakkans, Ísraels og Jórdaníu. Það er lægsti punktur á yfirborði jarðar eða 418 metra undir sjávarmáli. Á hebresku hefur vatnið ýmist verið kallað Yam ha-melah sem þýða má sem saltsjór, eða Yam ha-Mavet sem útleggst á íslensku sem dauðahaf. Á arabísku kallast það Al Bahr al Mayyit sem einnig þýðir dauðahaf. Þetta núturliga nafn er tilkomið vegna hinnar gríðarlegu seltu vatnsins sem mælist um 26-35%. Dauðahafið er því um 10 sinnum saltara en sjórinn. Það er vegna þessarar miklu seltu sem hvorki fiskar né aðrar stærri sjávarlífverur þrífast í vatninu. Eina lífið sem þar finnst eru smásæir þörungar og gerlar.

NÝTT Í BÍÓ

lenovo

Coca-Cola
zero.



**AARON
TAYLOR-JOHNSON**

**CHRISTOPHER
MINTZ-PLASSE**

**CHLOË GRACE
MORETZ**

**AND
JIM
CARREY**

KICK-ASS 2

MARV  /KickAssMovie

 UNIVERSAL

**LAUGARÁS
BÍÓ**

**SMÁRA
BÍÓ**

**HÁSKÓLA
BÍÓ**

**SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL**

**BORGAR
BÍÓ**

Síminn, Spotify og þú

🔊 🔗 Sweet Nothing Calvin Harris 3:33 Sigríður María Egilsdóttir | Ræðumaður Íslands

<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>300</p> <p>3.490 kr./mán.</p> <p>300 mín. 300 SMS 300 MB</p>	<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>500</p> <p>4.990 kr./mán.</p> <p>500 mín. 500 SMS 500 MB</p>
<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1000</p> <p>7.990 kr./mán.</p> <p>1000 mín. 1000 SMS 1000 MB 3G aukakort í 12 mán.</p>	<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1500</p> <p>10.990 kr./mán.</p> <p>1500 mín. 1500 SMS 1500 MB 3G aukakort í 12 mán.</p>

Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samning.